

Kynfræðsluspilið Sleikur - Umsókn um styrk

Til : Kári Jónsson;Eiríkur Björn Björgvinsson
Frá : Bergþór Bjarki Guðmundsson <bbg13@hi.is>
Heiti : Kynfræðsluspilið Sleikur - Umsókn um styrk
Málsnúmer : 2006244
Málsaðili : Garðabær
Skráð dags : 15.06.2020 01:15:12
Höfundur : Bergþór Bjarki Guðmundsson <bbg13@hi.is>

Góðan dag,

Samkvæmt umræðum á fundi með Eiríki og Kára er hér erindi er varðar umsókn okkar í forvarnasjóð Garðabæjar.

Sleikur er kynfræðsluspil ætlað fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára. Spilið er þróað af Elísu Gyrðisdóttur og Bergþóri Bjarka Guðmundssyni, sem hafa starfað í félagsmiðstöðinni Elítunni í Garðabæ síðastliðin 5 og 6 ár.

Tilgangur spilsins er að opna vettvang fyrir mikilvægar umræður af ýmsum toga sem fá ekki endilega rými í daglegu tali. Spilið skiptist í þrennt, orðaskýringar, klípusögur og spil með staðhæfingum sem leikmenn eru annaðhvort sammála eða ósammála.

Spilið er byggt á hugmyndafræði um hálf-formlegt nám. Það gefur leiðbeiningum og kennurum tækifæri til að ræða málefni tengd kynlífi, samskiptum, einelti, klámi, jafnrétti og fleiru á skemmtilegan en jafnframt lærdómsríkan hátt.

Rannsóknir á viðhorfum ungs fólks til kynfræðslu á Íslandi hafa leitt í ljósi að mörg þeirra upplifa sig ekki fá næga fræðslu frá viðeigandi aðilum. Það benda niðurstöðum jafnframt á að ungmenni hafa skoðun á því hvaðan þau vilja fá kynfræðslu, innihaldi hennar og hverslags kennsluaðferðum se beitt. Þær rannsóknir ásamt rökstuðning um notagildi og þörf kynfræðsluspilsins Sleiks má finna í lokaverkefni Bergþórs sem fjallar einmitt um spilið. Verkefnið má nálgast hér: <https://drive.google.com/file/d/1g-Ph6Nj6V4lCe6PGp9p1e73h5lZAW9oZ/view?usp=sharing>

Sleikur er fullunnin hugmynd sem mikill áhugi er fyrir á vettvangi skóla -og frístundastarfs. Það eina sem eftir er, er að framleiða spilið, en það ferli er í startholunum og skipulagt.

Okkur langar að sækja um stuðning frá forvarnasjóði til að framleiða 500 eintök, en ætlunin er að selja þau í félagsmiðstöðvar og skóla. Hugmyndin er ekki að spilið fari á almennan markað, heldur er það hannað sem námsgagn í skóla- og frístundastarfi.

Bestu kveðjur,

Bergþór Bjarki Guðmundsson
Elísa Gyrðisdóttir